



Skrifstofa Alþings – nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 24. apríl 2026

2604004SU BG  
Málalýkill: 40.21

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (sértækar ívilnanir og jöfnunarheimildir), 529. mál.**

Þann 17. apríl sl. barst Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga umsagnarbeiðni frá atvinnuveganefnd þar sem óskað var eftir umsögn samtakanna við 531. mál, Stjórn fiskveiða (sértækar ívilnanir og jöfnunarheimildir). Í umsagnarbeiðninni kom þó sérstaklega fram að nefndin hafi rætt að gera breytingar á frumvarpinu og fella brott ákvæði frumvarpsins önnur en a-lið 3. gr. Er því óskað eftir því að umsagnir taki eingöngu til þess ákvæðis.

Á stjórnarfundum samtakanna þann 8. apríl sl. undir önnur mál var rætt um ofangreint stjórnarfrumvarp og var eftirfarandi bókað:

*Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga gerir athugasemdir við að lagafrumvörp og reglugerðarbreytingar sem varða verulega hagsmuni sveitarfélaga skuli koma fram án þess að fara fyrst í formlegt samráð, s.s. í samráðsgátt stjórnvalda. Slík vinnubrögð draga úr gagnsæi og veikja möguleika sveitarfélaga og annarra hagaðila til að koma sjónarmiðum sínum að áður en ákvarðanir eru teknar.*

*Stjórnin leggur áherslu á að vandað, tímanlegt og raunverulegt samráð sé lykilsenda vandaðrar lagasetningar og stjórnvaldsákvarðana.*

Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga telja það til mikilla bóta að nefndin ætli ekki að taka til umræðu aðrar greinar frumvarpsins en vilja ítreka fyrri afstöðu frá stjórnarfundum. Stjórn samtakanna vill einnig vekja athygli á því að í 19. lið stefnuýfirlýsingar ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokk fólksins frá 2024 segir að það eigi að bæta samskipti ríkis og sveitarfélaga og treysta stoðir hinna dreifðu byggða. Framlagning þessa frumvarps án samráðs, hvorki óformlegu né formlegu í gegnum samráðsgátt er sannarlega ekki í þeim anda.

Stjórn samtakanna óska eftir því að fá að fylgja eftir þessari umsögn á nefndarfundum.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Íris Róbertsdóttir  
formaður stjórnar og bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar

Sigfús Ingi Sigfússon  
Varaformaður stjórnar og sveitarstjóri Skagafjarðar

Fannar Jónasson,  
Stjórnarmaður og bæjarstjóri Grindavíkurbæjar

Gerður Björk Sveinsdóttir,  
Stjórnarmaður og bæjarstjóri Vesturbyggðar

Jón Björn Hákonarsson,  
Stjórnarmaður og forseti bæjarstjórnar í Fjarðabyggð

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir,  
Varamaður í stjórn og sveitarstjóri Dalvíkurbyggðar

Heimir Örn Árnason  
Varamaður í stjórn og formaður bæjarráðs Akureyrarbæjar

Sigurjón Andrésson  
Varamaður í stjórn og bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar